

2.10.2024
2020-12-23

Efni: **Holtavörðuheildarlína 1 – Kynningarferli umhverfismatsskýrslu**

Umhverfismatsskýrsla fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 – 220 kV raflínu, frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýjum tengipunkti á Holtavörðuheidi, hefur verið gefin út og formlegt kynningarferli hófst þann 1.10.24 og stendur í 6 vikur til 12.11.2024

Opin hús verða haldin:

23. október kl. 19:30 – 21:30 Hótel Laxárþakka Hvalfirði

24. október kl. 19:30 – 21:30 Hótel Hamri Borgarnesi

29. október kl. 19:30 – 21:30 Nauthól í Reykjavík

Opin hús verða með þeim hætti að fólk kemur og kynnir sér skýrsluna, niðurstöður matsins og starfsfólk Landsnets og Verkís verður á staðnum til að veita nánari upplýsingar um umhverfismatið.

Umhverfismatsskýrslan og gögn eru aðgengileg á Skipulagsgáttinni og þar skal skila inn umsögnum. Skipulagsstofnun óskar í kjölfarið viðbragða Landsnets við umsögnunum, áður en stofnunin veitir álit sitt um umhverfismatið.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1187>

Einnig er hægt að nálgast skýrsluna og efni tengt henni á www.map.is/hh1 sem er kortasjá þar sem gögn úr matinu eru sett fram aðgengilegan hátt.

Virðingarfyllt

Kristinn Magnússon
Verkefnisstjóri